

## Annar heimur

Það er óskaplega skemmtileg reynsla að koma í menningarheim sem í flestu er frábrugðin því sem maður á að venjast. Dagana 11. til 20. apríl sl. urðum við, tveir kennarar og aðstoðarskólalastjóri Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi, fyrir þeirri sérstöku reynslu að vera nánast slöngvað inn í aðstæður sem eru fullkomlega ólíkar þeim sem við þekkjum hér á landi. Það var stórkostlegt að koma úr kuldanum á Íslandi inn frjósama náttúru Malaví þar sem hitinn fór ekki undir þrjátíu gráður og mannlífið iðaði í glaðlegri fjölbreytni þrátt fyrir aðstæður sem eru með þeim fátæklegri sem þekkjast á byggðu bóli. Allsstaðar var fólk á ferli, að flytja nauðsynjar til heimilis eða selja hluti, mat, fatnað eða annað til að eiga fyrir brýnustu nauðþurftum. Við komum inn í samfélag þar sem reiðhjólíð er það sem hesturinn var okkur Íslendingum fyrir tveimur öldum. Karlarnir hjóluðu með hestburði á bögglaberunum og konurnar gengu með ótrúlegar byrðar á höfðinu. Bílar voru svo sligaðir af fólki, varningi og skepnum að þeir virtust vera að liðast í sundur á vegunum. Fólk á stöðugu ferli í ædrulausri reisn frá birtingu til sólarlags. Og þrátt fyrir baslið eru Malavar notalegir í viðmóti og glaðlegir í viðkynningu. Þeir kunna vel að meta það sem skemmtilegt er sagt. Þeir hlæja hátt og takast í hendur yfir vel heppnuðum gamanyrðum. Og ef eitthvað er verulega fyndið þá hlæja þeir áfram og takast svo aftur í hendur.

Við flugum úr samfélagi þar sem fjölmiðlar hamast á manni alla daga með vaxtahækkunum, gengisfalli, hækkandi olíuverði, vísitölum og hækkandi matarkörfum þannig að maður óttast að næsta frétt hljóði uppá heimsendi. En lentum svo í kyrrlátu samfélagi þar sem viðmiðanir eru öðruvísi og taktur mannlífsins heldur betur annar en við eigum að venjast hér á norðurslóð. Og það má eiginlega segja að hjá okkur hafi hvert ævintýrið rekið annað. Uppúr stendur þó kannski það að hafa komist í kyrrlátara samband við sjálfan sig í lítríkri náttúru og skrautlegu dýralífi. Við fórum á hraðbáti um Malavívatn. Við heilsuðum uppá apa, flóðhesta og villta fíla. Það heyrðust öskur í öpum og kvak í fuglum um nætur og stundum var undrast yfir því hvaða fnæsandi skepnur virtust vera að naga svörðinn í myrkrinu fyrir utan kofann. Og fullyrða má að ekkert okkar hafði áður lent í því að fara á bíl í gegnum fjölmenna messu og það án þess að helgihaldið truflaðist nokkurn skapaðan hlut.

## Barnaskóli í Afríku

Upphafið að ævintýraferð okkar til Chirmaboporps í Malaví má rekja átta ár aftur í tímann eða til ársins 2000 þegar Namazizi-barnaskólinn við Apaflóa og Mýrarhúsaskóli hófu vináttusamband. Þá hafði Þróunarsamvinnustofnun Íslands nýlokið við að byggja fyrsta grunnskólann af mörgum á svæðinu. Það átti að senda gám með veiðarfærum á svæðið og í honum var pláss fyrir skóladót handa vinaskóla okkar. Við sendum mikið af gagnlegum hlutum sem nemendur á Seltjarnarnesi söfnuðu og eftir það hafa verið góð gagnvirk samskipti milli skólanna. Einnig má geta þess hér að bókasafn Namaziziskólans þykir eitt það besta á svæðinu. Húsnæðið var byggt af ÞSSÍ fyrir nokkrum árum og var næstum bókalaust í upphafi. Það er nú töluvert af góðum bókum vegna þess að Mýrarhúsaskóli var með þemaviku um Afríku, þar sem nemendur unnu handverk sem selt var og ágóðinn var notaður til þess að kaupa bækur á netversluninni Amazon sem sendar voru beint í Malaví.

Jackson Gumbala stjórnar Namazizi skólanum með miklum ágætum, en hann kom hingað til land í boði ÞSSÍ ásamt nokkrum öðrum skólamönnum frá Malaví og dvaldi daglangt hjá okkur í Mýrarhúsaskóla. Gumbala skólalastjóri var mjög kátur að hitta okkur aftur þegar við mættum hjá honum snemma á mánudagsmorgni. Nemendurnir 1300 voru allir í röðum í skólagarðinum eftir bekkjum og gengu að lokinni stuttri athöfn við trumbuslátt og heraga inn í kennslustofur. Við heilsuðum upp á kennarana sem sinna þessum stóra hópi, en fjöldi nemenda í bekk fer yfir hundrað í sumum bekkjunum.

Við fórum í flesta bekkina og fylgdumst með kennslu í ýmsum fögum, s.s. ensku, landbúnaði og stærðfræði. Við urðum þess vör að það þarf sterka rödd og góðan aga til þess að kenna svo stórum hópi nemenda þannig að allir fylgist með. Einn kennarana í skólanum er höfðinginn í þorpinu. Þetta er eldri maður sem bar með sér þokka og virðingu. Hann sagðist vera orðinn þreyttur en héldi samt áfram kennslu þar sem engan annan kennara væri að fá.

## Kennaraskortur

Í Malaví er mikill kennaraskortur. Okkur var tjáð að í þessu 13 milljón manna landi útskrifist um 2000 kennarar á ári. Alnæmi tekur sinn toll af þessum hópi eins og öðrum þjóðfélagshópum í landinu og líkt og hér á landi vilja flestir kenna í þéttbýli en ekki litlum þorpum úti á landi þar sem vantar allt til alls.

Seinna í ferðinni fórum við á fund með yfirmanni grunnskólanna á svæðinu og heimsóttum líka fræðslustjóra héraðsins. Gumbala bað okkur vinsamlegast að minnst á við það ágæta fólk að það þyrfti fleiri kennara í Namaziziskólann. Það bar þó ekki mikinn árangur, svörin sem við fengum voru þau að Gumbala væri heppinn að hafa 11 kennara, sumir skólar á svæðinu þyrftu að sætta sig við fjóra kennara með svipaðan nemendafjölda og vinir okkar í Namazizi.

## Rafmagn í boði nemenda og Fjölbrautarskóla Suðurnesja

Á þriðjudeginum kom að því sem allir í Namazizi hafa þráð lengi en þá var skrifað undir samning um uppsetningu sólarrafmagns í skólanum. Það kom í okkar hlut að undirrita samninginn fyrir hönd FS. Það voru nemendur og starfsfólk Fjölbrautarskóla Suðurnesja sem söfnuðu peningum fyrir sólarcellurnar og skólinn lagði sömu upphæð á móti. Safnað hafði verið peningum sem renna áttu til skólamála í Afríku og þarna var svo sannarlega verðugt verkefni.

## Hátíðin

Á miðvikudag var vandlega skipulögð hátíð okkur til heiðurs. Við vorum mætt stundvíslega klukkan átta en aldrei ætlaði hátíðin að byrja. Um tíuleytið hófst svo hátíðin. Þá hafði öllum skólastjórunum í nágrenninu verið safnað saman ásamt bæjarstjórn og skólanefnd að ógleymdum nemendum sem beðið höfðu stilltir undir stóra trénu allan tímann. Þetta var mikill hópur manna í sínu fínasta þússi sem myndaði hring. Nemendur léku leikrit og mæltu fram texta sem allir fjölluðu um ágæti Mýrarhúsaskóla og Margrétar sem var upphafskonan að samstarfi skólanna. „Við elskum þig Margrét. Við munum aldrei gleyma þér.“ Eða: „Við þökkum ykkur, þið eruð örlát við okkur, gáfuð okkur skóla og menntun. Við værum ekkert án ykkar. Þið hafið veitt okkur allt. Mýrarhúsaskóli og Namazizi eru eitt.“ Einnig var sýndur mjög skemmtilegur og taktfastur dans nemenda. Þá var Margrét skyndilega beðin um að fylgja nokkrum konum afsíðis. Þar var henni skellt í hefðbundin búning Malavískra kvenna, síðan litríkan kjól og höfuðfat og kom síðan öll hersingin dansandi og jóðlandi inn í hópinn við mikinn fögnuð áhorfenda.

Eftir nokkra klukkutíma í sól og hita undir stóra trénu var skemmtuninni lokið og þá var helstu gestum boðið upp á fanta, kók og kex á bókasafni skólans. Þar náðum við að spjalla við flesta skólastjórana um skólamál. Nokkrir þeirra báðu okkur að láta það berast að þeir vildu mjög gjarnan komast í vináttusamband við íslenska skóla.

## Gjafir

Þar sem stefndi í að Namaziziskólinn fengi uppfylltan langþráðan draum um að fá rafmagn, þá ákváðum við að færa skólanum fartölvu ásamt DVD-fræðsluefni sem Seltjarnarnesbær styrkti okkur til að kaupa. Ein tölva er ekki mikið fyrir stóran skóla en hún dugar til að opna upp möguleikana sem tölvutæknin veitir kennurum og verður fróðlegt að fylgjast með hvernig þeir þróa áfram notkun tölvunnar í skólastarfinu. Stefán Kristmannsson verkefnisstjóri ÞSSÍ í Monkey Bay bauðst til að aðstoða okkar fólk í Namazizi við að læra meira á tölvuna. En mesta gleði þeirra gjafa sem við færðum skólanum vöktu þó 30 Gróttutreyjur og stuttbuxur sem við færðum íþróttaliði skólans. Nemendur klæddust Gróttubúningunum á hátíðarhöldunum og voru flóttir í þeim með auglýsingar frá Bónus á maganum og Landsbankanum á buxunum. Við höfðum líka meðferðis nokkra KR-búninga en þeir voru ætlaðir íþróttaliði sjúkrahússins. Kannski verður hægt að fylgjast með Gróttu-KR leik á næstunni við Apaflóa.

## Gistiaðstaða við Malavívatn

Í Chiromboporpi er lítið um gistihús fyrir ferðamenn. Þar er þó ný gistiaðstaða á bökkum Malavívatns í smáhýsum sem malavísk hjón af indverskum uppruna reka. Við kennararnir gistum þar og borðuðum og fórum vel um okkur. Fyrsta morguninn vöknuðum við við mikið spjall fyrir utan kofana okkar eldsnemma morguns. Þar voru mættir sölumenn handunnins varnings og voru þeir búnir að dreifa varningi sínum um allar grundir. Það hafði greinilega frést af okkur á svæðinu. Við keyptum talsvert þennan fyrsta dag og leikur grunur á að verðið hafi verið margfallt þann daginn miðað við það sem okkur baust seinna í dvöl okkar.

## Verkefni ÞSSÍ í Monkey Bay

Fyrir utan grunnskólabyggingarnar sem standa yfir í Monkey Bay mætti líka nefna önnur verkefni s.s. sjúkrahúsið, fiskiverkefni, fullorðinsfræðslu og vatns- og heilbrigðisverkefni. Við sáum mjög víða brunna sem ÞSSÍ hefur látið gera. Þetta eru lokaðir brunnar með sterklegri vatnsdælu og hafa tekið við af opnum brunnum sem ná mun grynna niður í jörðina. Þar sem brunnar hafa verið byggðir er frárennslið oftast leitt í opinni rennu inn á afgirt svæði þar sem einhvers konar ræktun fer fram. Víða hafði t.d. verið plantað bananapálmum. Við skoðuðum sérstaklega fjögur þorp þar sem þetta var allt komið og sumstaðar hafði fólk meira að segja komið sér upp sturtu og frumstæðum vaski við klósettið. T.d. tveggja lítra plastflösku fullri af vatni. Það stóð lítil buna úr flöskunni ef losað var ögn um tappann. Við vorum mjög hrifin af þessu verkefni, enda mikill munur að sjá hvað allt var hreint og snyrtilegt í þessum þorpum sem tóku þátt í verkefninu. Húsráðendur eru líka skyldaðir til að koma sér upp þvottasúru við kofa sína ásamt uppþvottagrind fyrir matarílát. Þetta er gert til að auka hreinlæti og koma í veg fyrir að fólk leggi fötin sín á tré og runna en í þeim eru skordýr sem verpa í fötin og orsaka sjúkdóma.

Í framhaldi af gerð brunna hefur svo verið haldið áfram að reyna að stuðla að betra hreinlæti hjá fólki og þar með reynt að draga úr smiti á ýmsum skæðum sjúkdómum. Hreinlætisverkefnið svokallaða gengur út á að fá þorpsbúa til koma sér upp salernisaðstöðu ekki síst til að koma í veg fyrir kólerusmit. Nú eru 84 þorp þátttakendur í þessu verkefni. Fólk er hvatt til að breyta siðvenjum sínum hvað snertir losun líkamlegs úrgangs. Grafi menn tvær djúpar holur við bústaði sína koma starfsmenn ÞSSÍ og leggja holurnar innan með múrsteinum. Svo er sett yfir holuna steinsteypt lok með gati í til að fara á hækjur sínar yfir. Og þar með er komið fínasta klósett. Jafnóðum og hækkar í holunni er ösku úr eldstæðinu blandað saman við úrganginn og dregur það mjög úr lyktinni. Þegar holan er full er hlemmurinn yfir henni svo fluttur á hina holuna og jukkið í þeirri fyrri fær að marinerast á meðan seinni holan er að fyllast. Um það bil sem sú seinni er að fyllast er orðinn til fyrirtaks lífrænn áburður í fyrri holunni og þá mokað uppúr henni og áburðinum dreift í garða þar sem ræktun fer fram. Margir gera sér girðingu í kringum salernið til að fá betra næði. Aðrir byggja vegg í kring og þak yfir og geta þar með notað aðstöðuna í öllum veðrum.

## Fullorðinsfræðsla

Við fengum leiðsögn tveggja innlendra starfsmanna ÞSSÍ um fullorðinsfræðsluverkefnið. Í fyrsta þorpinu sem við komum í voru aðeins tvær konur að læra. Kennarinn sagði að mjög misjafnt væri hve margar konur kæmu hverju sinni, en þó að ólæsi sé líka algengt meðal karlmanna eru það aðallega konur sem koma til fullorðinsfræðsluna. Konur í Malaví vinna öll húsverkin, sækja vatn í brunninn, vinna á akrinum og sjá um börnin og er ótrúlegt að sjá þær byrðar sem þær bera til og frá heimili sínu. Sagði kennarinn okkur að karlmenn vilja helst bara læra ensku svo að þeir geti fengið vinnu hjá hvíta fólkinu. Í næstu tveimur þorpum lá fræðslan alveg niðri. Okkur var tjáð af fylgdarmönnum okkar að það væri vegna jarðarfara. Þegar einhver deyr í þorpinu þá verða allir að koma í jarðarförina. Því fleiri sem koma þeim mun meiri virðingar hefur viðkomandi notið í lífanda lífi. Engin má vinna frá því einhver deyr í þorpinu þar til jarðaförin er yfirstaðin. Sá sem ekki hlýðir þessu getur átt von á því að verða refsað af höfðingjanum sem getur sektað viðkomandi um þrjár geitur fyrir vikið.

## Háðir styrktaraðilum

Eftir því sem við kynntumst betur þeim verkefnum sem Íslendingar styrkja og styðja við með ýmsu móti í Malaví komu æ oftast upp í huga okkar hliðstæð mál úr okkar eigin sögu. Barnadauði var mikill hér áður fyrr en var útrýmt með meira hreinlæti, betri fræðslu og uppbyggingu heilbrigðiskerfis. Það er t.d. ekki nema um öld frá því að vatnsburður í Reykjavík gat valdið smiti skæðra sjúkdóma. Skólar voru gjarnan byggðir af litlum efnum og námsgögn einhæf og fátækleg. Beint samband var hér á landi milli hjátrúar og fáfræði. Malavar sem við umgengumst gerðu góðlátlegt grín að sjálfum sér og sínu fólki, það er engum ljósara en þeim sjálfum hvað æskilegt er að gera. Þeim er ljóst að þeirra eigið ríkisvald er mjög veikt, svo veikburða í rauninni að það er langt í að það geti staðið undir þeirri grunnþjónustu sem ætti að vera réttur fólks hvar sem er. Þeir eru þakklátir öllum styrktaraðilum sem gefa sig í verkefni í landi þeirra og ófeimnir við að bjóða öðrum að koma að málunum. Þegar umönnun barna, uppeldi og menntun bar á góma sagði einn fylgdarmanna okkar brosandi: „Við Malavar erum ansi góðir í að búa til börn en lélegir í að ala þau upp.“ Og þótt háðið væri napurt var hlegið og tekist í hendur. En við sannfærðumst um að þau verkefni sem Íslendingar koma að á sviði skóla- og heilbrigðismála eru vel metin og líkleg til að skila þekkingu inn í samfélag sem þarf svo sannarlega á henni að halda.

**Árni Árnason**  
**Margrét Sigurgeirsdóttir**  
**Ólína Thoroddsen**